



Til:
Efni:
Upplýsingar:

"Sigurður Armann" <sigurdur.thrainsson@uar.is>

Re: Fw: Veiðar á hreinkúm

Sent: 19.02.2018 13:11:08 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018020001, Bréfalyklar: 42-4-0
Umsagnir um vernd og friðun villtra fugla og spendýra - almennt

Tilvísun í mál: 2018020001

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dags. 31. janúar sl., þar sem óskað er eftir álitni Náttúrufræðistofnunar Íslands á meðfylgjandi erindi frá Ole Anton Bieltvedt . Í erindi Ole koma fram nokkrar ábendingar vegna veiða á hreinkúm sem ganga með kálfum og áhrifum sem veiðarnar hafa hugsanlega á kálfana, þroska þeirra og afkomu. Í ábendingum þeim sem fylgja tölvupósti ráðuneytisins er m.a. vikið að því að veiðarnar séu ekki í samræmi við lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og lögum um velferð dýra nr. 55/2013. Beðist er velvirðingar á að erindinu er ekki svarað fyrir en nú .

Í erindi Ole Antons eru settar fram þrjár spurningar og verður hér reynt að svara þeim í samræmi við hlutverk Náttúrufræðistofnunar .

1. Spurning: Er nokkur raunveruleg ástæða til að drepa hreindýr?

Náttúrufræðistofnun hefur almennt það hlutverk samkvæmt lögum að meta hvort stofnar fugla og annarra dýra, þó ekki hreindýra, sem ákveðið hefur verið að heimilt skuli að veiða, þoli veiðar og ráðleggur stofnunin um vernd og nýtingu dýrastofna . Ýmsar tegundir fugla og annarra dýra eru almennt ekki veiddar annað hvort af því að engin menningarleg hefð er fyrir því að nýta þær s.s. lóa og jaðrakan eða að tegundin er svo fágæt að hún væri í útrýmingarhættu ef heimilt væri að veiða hana s.s. eins og haförn og fálki. Ýmsar tegundir hafa verið veiddar til að koma í veg fyrir tjón og eru sem slíkar ófriðaðar og teljast jafnframt til framandi tegunda s.s. eins og rottur og minkur. Að mati Náttúrufræðistofnunar má segja að í raun standi allar dýrategundir jafnt þegar meta á hvort þær megi veiða eða ekki en það séu aðrar ástæður en tegundin sjálf sem liggja til ákvörðunar um hvort hún skuli veidd eða ekki s .s. eins og að um er að ræða tegund sem hefð er fyrir að veiða til matar og hægt að veiða hana með sjálfbærum hætti, tegundin veldur tjóni t.d. vegna offjölgunar sem stafar af mannavöldum, tegundin flokkast undir framandi ágenga tegund sem veldur tjóni í íslensku lífríki.

Hreindýr eru innflutt tegund og teljast ekki til íslenskra spendýra samkvæmt lögum um náttúruvernd en hafa þó lifað villt í náttúru Íslands í meira en 200 ár. Innfluttu dýrin komu frá Finnörku í Noregi þar sem hreindýr ganga hálfvillt, undir eftirliti og í umsjón fólks sem býr á svæðinu (samar), og eru að fullu nýtt til matar og klæða o .s.frv. Útbreiðslusaga hreindýra á Íslandi er vel þekkt og sýnir að þeim hefur ekki vegnað vel á öðrum landsvæðum en norðaustur og austurlandi og hálendinu norðaustur af Vatnajökli . Hreindýrastofninn á Íslandi hefur tekið ýmsum breytingum í stærð en er nú í sögulegu hámarki . Ef fjölgar of mikið í stofnum grasbíta eins og hreindýra geta komið upp vandamál vegna ofbeitar (Krebs 1989). Náttúruleg svörun við auknum þéttleika og ofbeit verða yfirleitt á þann veg að færri dýr eignast afkvæmi og /eða

aukning verður á dánartíðni (t.d. Caughley 1970). Aukinn þéttleiki getur einnig valdið streitu og hærri tíðni sjúkdóma og sníkjudýra (t.d. Albon o.fl. 2002, Rødven 2010). Náttúrulegir afræningjar hreindýra (stór rándýr) eru ekki til staðar hér á landi og því ekki um að ræða afföll af völdum afráns. Vel hefur gengið að stýra stærð stofnsins með eftirlitsskyldum veiðum undanfarna áratugi. Umsjón með vöktun og veiðiráðgjöf hefur Náttúrustofa Austurlands en framkvæmd er á höndum Umhverfisstofnunar. Náttúrufræðistofnun telur ekki skynsamlegt að láta af veiðum hreindýra m.a. af framangreindum ástæðum. Mjög fáar beitarrannsóknir hafa verið gerðar hvað hreindýr varðar og einnig vegna annarra dýra s.s. sauðfjár og hrossa til að meta beitarpól almennt og beitarpól vegna einstakra tegunda. Náttúrufræðistofnun telur mjög varasamt að leyfa hreindýrastofninum að vaxa óhindrað. Offjölgun í stofni hreindýra hér á landi gæti haft verri afleiðingar en veiðar ef eingöngu er litið til velferðar dýranna.

2. Spurning: Hvað segja gildandi lög Alþingis um málið?

Náttúrufræðistofnun telur að farið sé að gildandi lögum um veiðar á hreindýrum og að hingað til hafi verið farið að lögnum með eðlilegum hætti bæði hvað varðar magn þeirra dýra sem má veiða og veiðiaðferðir. Undir þessari spurningu er einnig komið inn á að: „Markmið laga um dýravelferð nr. 55/2013 er þetta: „**Markmið laga þessara er að stuðla að velferð dýra, þ.e. að þau séu laus við vanlíðan, hungur og þorsta, ótta og þjáningu, sársauka, meiðsli og sjúkdóma, í ljósi þess að dýr eru skyni gæddar verur. Enn fremur er það markmið laganna að þau geti sýnt sitt eðlilega atferli eins og frekast er unnt**“ (sjá næstu spurningu)

3. Spurning: Hvaða siðferðislegur rammi á að gilda um veiðarnar, ef þær standast lög yfir höfuð? Í erindinu er spurt um afleiðingar þess að kýr séu veiddar frá 8-10 vikna kálfum sínum meðan þær eru enn mjólkandi, fyrir afkomu kálfanna og er hér reynt að svara því.

Að hausti fylgja sumargamlir kálfar móður sinni með hjörðinni úr sumarhögum í vetrarhaga þar sem þeir lifa sinn fyrsta vetur. Talið er að mæðurnar verji kálfana gagnvart öðrum dýrum í hjörðinni og gæti þess að þeir hafi aðgang að góðu beitarsvæði. Hversu mikið ungir kálfar þurfa á liðsinni móður sinnar fram eftir vetri er óljóst en ekkert bendir til þess að þeir geti ekki bjargað sér. Þó kálfurinn sé ungur og móðurlaus, fylgir hann hjörð og getur lært af öðrum dýrum að varast hættur og finna beutilönd. Móðirin mjólkar þeim eitthvað fram eftir hausti (í allt að 16 vikur) en aðeins lítið undir það síðasta (Gaare o.fl. 1975). Sýnt hefur verið fram á að kálfar sem missa móður sína vegna veiða síðsumars eða að haustlagi eru léttari en þeir sem fylgja móður sinni (Holand o.fl. 2012). Í rannsókn á þyngd kálfa frá 1986 kom fram að því þyngri sem kálfarnir voru að hausti, því minni líkur voru á að þeir dræpust fyrstu 6 mánuði ævinnar. Jafnframt höfðu kálfar þyngri hreinkúa hærri lífslíkur en kálfar léttra hreinkúa (Eloranta & Nieminen 1986; Rognum o.fl. 2003). Veðurfar hefur mikil áhrif og ræður jafnvel meiru um þyngd kálfa en hvort þeir ganga með móður sinni (Weladji & Holland 2003). Samkvæmt þessu eru lífslíkur munaðarlausra (léttra) kálfa minni ef vetrarhörkur verða miklar en hjá þeim sem ganga með móður sinni. Í Finnörku í Noregi, þaðan sem hreindýrin okkar eru upprunnin, sjá samar um hreindýrahjarðirnar. Algengt er að þeir slátri kálfinum með móðurinni ef hún er enn að mjólka þeim því þeir vita að móðurlausir kálfar verða léttari og það hentar ekki fyrir búskap sem gengur út á kjötafurðir (Munnleg heimild: Rolf Rødven, sami og líffræðingur).

Náttúrufræðistofnunar telur ekki vera ástæðu til að banna veiðar á hreindýrum og telur að rannsóknir hafi sýnt að móðurlausir kálfar geti vel þrifist, að mestu eðlilega, sérstaklega þar

sem hér er um hjarðdýr að ræða. Vel má vera að skoða þurfi veiðitíma betur á hverju ári svo kálfar geti verið sem lengst með mæðrum sínum.

Heimildir:

Albon, S. D., Stien, A., Irvine, R. J., Langvatn, R., Ropstad, E. & Halvorsen, O. (2002). The role of parasites in the dynamics of a reindeer population. *Proc. R. Soc. Lond. B* (2002) 269, 1625–1632.

Caughley, G. (1970). Eruption of ungulate populations, with emphasis on Himalayan thar in New Zealand. *Ecology* 51: 53-72.

Eloranta, E. & Nieminen, M. (1986). Calving of the experimental reindeer herd in Kaamanen during 1970 – 85. *Rangifer*, special issue 1: 115-121.

Gaare, E., Thomson, B.R. & Kjos-Hansen, O. (1975). Reindeer activity on Hardangervidda. In: Wielgolaski F.E.(ed). *Fennoscandian Tundra Ecosystems: Part 2 Animals and Systems Analysis. Ecological studies*, 17: 198-206.

Holand, Ø, Weladji, R.B., Myrseth, A., Roed, K., Reimers, E. & Nieminen, M. (2012). Induced orphaning reveals post-weaning maternal care in reindeer. *Eur J. Wildl Res* (58):589-596.

Krebs, C. J. (1994) *Ecology: The experimental Analysis of Distribution and Abundance* (4.útg.). HarperCollins College Publishers, New York, 801 bls.

Rognmo, A., Markussen, K. A., Jacobsen, E., Grav, H.J. & Schytte Blix, AI, (2003) Effects of improved nutrition in pregnant reindeer on milk quality, calf birth weight, growth, and mortality. *Rangifer* 3 (2): 10—18

Rødven, R. (2010). Causes and consequences of variation in life history of semi-domesticated reindeer. PhD dissertation, UiT The Arctic University of Norway.

Weladji, R.B. & Holand, O. (2003). Global climate change and reindeer: effects of winter weather on the autumn weight and growth of calves. *Oecologia* (136):317–323.

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Frá: Trausti Baldursson/NI.IS
Dags: 01.02.2018 08:43:33
Til: Magnús Guðmundsson/NI.IS@NI.IS
Efni: Fw: Veiðar á hreinkúm

From: Sigurður Á. Bráinsson <sigurdur.thrainsson@uar.is>
To: Gunnlaug H. Einarsdóttir <gunnlaug@umhverfisstofnun.is>, Skarphéðinn Þórisson <skarphedinn@na.is>, Hákon Hanson (hih@eldhorn.is) <hih@eldhorn.is>, Trausti Baldursson <trausti@ni.is>
Cc: Jón Geir Pétursson <jon.g.petursson@uar.is>
Date: 31.01.2018 23:13
Subject: Veiðar á hreinkúm

Komið þið sæl,

Ráðuneytinu hafa borist meðfylgjandi ábendingar vegna veiða á hreinkúm sem ganga með kálfum og þeirra áhrifa sem veiðarnar hafa á kálfana, þroska þeirra og afkomu. Í ábendingunum er látið í veðri vaka að veiðarnar séu ekki í samræmi við lög nr. 64/1995 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og lögum um velferð dýra nr. 55/2013.

Ráðuneytið óskar eftir álitum Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar, Hreindýraráðs og Náttúrustofu Austurlands á þessum ábendingum í samræmi við hlutverk skv. ofangreindum lögum og hvort ástæða væri til þess að gera breytingar á veiðum á hreindýrum og viðeigandi lögum og reglugerðum vegna þeirra ábendinga sem fram koma í neðan greindum afritum úr tölvupóstum til ráðuneytisins.

Ráðuneytið óskar eftir viðbrögðum eins fljótt og mögulegt er og helst fyrir miðvikudaginn 7. febrúar vegna væntanlegs fundar með málshefjanda.

Allar upplýsingar og gögn sem tiltæk eru um þessi atriði eru vel þegin.

Bestu kveðjur ,

Sigurður

Heill og sæll, Guðmundur Ingi!

Fyrst vil ég nefna það, með tilvínun til pósts í gær, að, í framhaldi af kæru okkar á hendur síðasta umhverfisráðherra og forstjóra UST, lagði MAST til, að griðatími hreindýrakálfa yrði lengdur um 2 vikur; í 10 vikur.

Við teljum þetta, hins vegar, allt of lítið, og, fyrir okkur, er þetta málamiðlun, þar sem hagsmunir og þægindi veiðimanna og þeirra stjórnvalda, sem þá styðja, vega 75 af hundraði og velferð kálfanna 25.

Ég nefndi í fyrri pósti 3 meginspurningar, sem við teljum, að verði að skoða og greina í sambandi við frekari hreindýraveiðar.

Leyfðu mér að fara í gegnum þær á eftirfarandi hátt:

1. Er nokkur raunveruleg ástæða til að drepa hreindýr?

Á sumrin eru um 600.000 fjár á beit á hálendi landsins.

Hestar munu vera um 80.000, margir villtir og á beit á

á svipuðum svæðum, þó kannske meir á láglandi. Nautgripir munu vera um 70.000, og þó að þeir séu að mestu í húsum og heima við eru þeir líka í hópi þessara 750.000 grasbíta landsins.

Hreindýrastofninn er um 6.500 dýr, eða innan við 1% af þessum grasbítum.

Hreindýrin halda sig bara á Austfjörðum, og er það svæði um fimmtungur landsins. Fyrir nokkrum áratugum voru hreindýrin aðaðlega við norðaustur horn Vatnajökuls. Nú hafa þau fært sig út yfir Austfirði, og spannar lífríki þeirra allt frá Jökulsárlóni, langt fyrir sunnan Höfn í Horanfirði, norður fyrir Langanes, allt að Raufarhöfn.

Þar sem beit hefur verið næg, hafa þau ekki leitað lengra til vesturs, þó að því sé landfræðilega ekkert til fyrirstöðu.

Hreindýr eru friðsöm dýr og vandræðalítill. Þau prýða líka og auðga náttúru og lífríki landsins. **Íslenski hreindýrastofninn er stærsti villti hreindýrastofn í Vestur Evrópu. Nánast sá einasti.**

Víðast hvar annars staðar er búið að útrýma villtum hreindýrum, eins og svo mörgum öðrum villtum dýrum.

Til Íslands koma flestir ferðamenn - en ferðamannaþjónustan stendur nú undir 40% af gjaldeyristekjum þjóðarinnar - til að skoða og kynna sér íslenska náttúru, villt dýr og lífríki.

Í fyrra fóru um 500.000 manns í friðsamar hvalaskoðanir og voru tekjur af því um eða yfir 5 milljarðar króna. Tekjur af hvaladrápi námu um hálfu prósentu af því.

Hreindýr njóta mikillar aðdáunar víða um heim í tengslum við jólaævintýrið. Hafa ungir sem aldnir áhuga á hreindýrum, og gæti vaxandi fjöldi hreindýra ekki aðeins auðgað lífríki landsins, fyrir okkur heimamenn, heldur líka orðið mikið aðdráttarafli fyrir ferðamenn.

Ísland gæti orðið „Land hreindýranna“.

Dýrin eru spök og róleg og gætu verið aðgengileg fyrir ferðamenn, án mikilla ráðstafana.

Má ætla, að hreindýraskoðun gæti glatt margt barns- og gestsaugað, einkum í júlí fram í september, þegar kálfar eru litlir.

Friðun hreindýrana, sem í raun á að vera fyrir hendi skv. lögum nr. 64/1994, og frekari útbreiðsla dýrana um landið, væri því af hinu góða.

Eins og flestir vita, sem hafa kynnt sér dýralíf villtra dýra vel, þá stillir slíkur stofn oftast fjölda sinn sjálfur af, eftir fæðuframboði og lífsskilyrðum. Oft ruglast mál þá fyrst, þegar maðurinn grípur inn í og vill gerast Guð.

Veiðimenn og stjórnarsýslan, sem á baki þeirra stendur, fullyrðir, að útbreiðsla hreindýra gæti leitt til ofbeitar og útbreiðlu sauðfjársjúkdóma, og því verði að halda þeim niðri.

Þetta er langsótt, og, í okkar huga, fyrirsláttur veiðimanna og stjórnarsýslu.

Úrbreiðsla hreindýra frá litlu svæði við Vatnajökul þvert yfir landið, frá suðri til norðurs, inn á nokkur þýðingarmikil landbúnaðarsvæði landins, hefur ekki valdið teljandi landspjöllum eða heilsufarsvanda sauðfjár, hesta eða nautgripa neins staðar, og er þessi fyrirsláttur veiðimanna og þeirra, sem veiðarnar styðja, því fyrir okkur órökstuddur og marklaus.

Hér má nefna, að UST og Náttúrustofa Austurlands fá tekjur af hverju felldu dýri, og eru háðar þeim með tilvist sína og stafssemi.

Er það vitaskuld með ólíkindum, að stofnanir, sem eiga að gæta hagsmuna, verndar og velferðar villtra dýra, auðgist á eða eigi jafnvel afkomu sína undir drápi þeirra.

2. Hvað segja gildandi lög Alþingis um málið?

Skv. lögum nr. 64/1994, gr. 6, eru hreindýr og önnur villt dýr friðuð á Íslandi. Skv. 14. gr. laganna, má veita undanþágu frá friðun, ef UST telur „að æskilegt sé að veiða úr honum (hreindýrastofninum)“.

Hér verður auðvitað að túlka „æskilegt“ þröngt, þetta eru friðunarlög, þannig, að „æskilegt“ getur einvörðungu átt við skort á beitilandi, alvarlegan sjúkdóm í stofni eða annað þess háttar, þó að ýmsir ráðherrar hafi túlkað lögin öðruvísi, undir vafasamri leiðsögn UST.

Markmið laga um dýravelferð nr. 55/2013 er þetta:

„Markmið laga þessara er að stuðla að velferð dýra, þ.e. að þau séu laus við vanlíðan, hungur og þorsta, ótta og þjáningu, sársauka, meiðsli og sjúkdóma, í ljósi þess að dýr eru skyni gæddar verur. Enn fremur er það markmið laganna að þau geti sýnt sitt eðilega atferli eins og frekast er unnt“.

Þetta markmið laganna talar fyrir sig sjálft.

Hversu oft halda menn, en þetta markmið laga nr. 55/2013, sem tóku gildi 01.01.14, sé brotið með drápi á hreindýrakúm frá 8 vikna gömlum kálfum þeirra!??

3. Hvaða siðferðislegur rammi á að gilda um veiðarnar, ef þær standast lög yfir höfuð?

Eins og áður hefur komið fram, teljum við lágmarksvernd og tryggingu velferðar hreindýrakálfa, að kýr séu alls ekki drepnar frá þeim fyrr en þeir eru 16 vikna. 16 vikna gamlir eru þeir enn að drekka móðurmjólk í 2-3 mínútur á daga, en þessi mjólk myndar grundvöllinn að næringu þeirra og góðu heilsufari fyrir veturinn. Vekja má hér athygli á

Því, að þegar farið er að drepa tarfa úr hópnum, kannske með og frá 15. júlí, þegar kálfar eru 6 vikna, þá er það vitaskuld mikið andlegt álag á bæði kálfana og kýrnar, sem þá lifa, og gengur þetta dráp líka þvert á markmið laga nr. 55/2013. Er okkar skoðun því sú, að fresta eigi drápi tarfa til 1. september, ef það stenzst að veiða þá.

Beztu þakkir fyrir athyglina og kveðjur – vonandi getur við hitzt í næstu viku til að ræða þetta.

Ole Anton

Von: Guðmundur Ingi Guðbrandsson [<mailto:guðmundur.ingi@uar.is>]

Gesendet: mánudagur, 29. janúar 2018 19:04

An: Ole Anton Bieltvedt <oab@jardarvinir.is>; Katrín Jakobsdóttir <katrin.jakobsdottir@for.is>

Cc: Jón Geir Pétursson <jon.g.petursson@uar.is>; Sigríður Auður Arnardóttir <sigridur.arnardottir@uar.is>; Sigurður Á. Þráinsson <sigurdur.thrainsson@uar.is>; Þórunn Elfa Sæmundsdóttir <thorunn.elfa.saemundsdottir@uar.is>; Orri Páll Jóhannsson <orri.pall.johannsson@uar.is>; Sif Konráðsdóttir <sif.konradsdottir@uar.is>

Betreff: SV: Dýra- náttúru- og umhverfisvernd á Íslandi: Nýr "hreindýrakvóti"

Takk Ole fyrir sendinguna.

Hún Þórunn finnur tíma.

Bkv. GIG.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra / minister for the environment and natural resources

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið / Ministry for the Environment and Natural Resources

Skuggasund 1, 101 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 8600

www.umhverfisraduneyti.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður /
Please consider the environment before printing

Frá: Ole Anton Bieltvedt [<mailto:oab@jardarvinir.is>]

Sent: mánudagur, 29. janúar 2018 10:14

Til: Guðmundur Ingi Guðbrandsson <guðmundur.ingi@uar.is>; Katrín Jakobsdóttir <katrin.jakobsdottir@for.is>

Afrit: Jón Geir Pétursson <jon.g.petursson@uar.is>; Sigríður Auður Arnardóttir <sigríður.arnardottir@uar.is>; Sigurður Á. Þráinsson <sigurður.thrainsson@uar.is>; Þórunn Elfa Sæmundsdóttir <thorunn.elfa.saemundsdottir@uar.is>; Orri Páll Jóhannsson <orri.pall.johannsson@uar.is>; Sif Konráðsdóttir <sif.konradsdottir@uar.is>

Efni: AW: Dýra- náttúru- og umhverfisvernd á Íslandi: Nýr "hreindýrakvóti"

Góðan dag, Guðmundur Ingi,

Mín skoðun er, að þú hefðir átt að bíða með að ákvarða og tilkynna um „hreindýrakvóta“ fyrir 2018, þar til að þú hefðir kynnt þér málið til hlýtar og fengið af því heildarmynd.

Nú er málið komið í umfjöllun á grundvelli mesta hreindýradráps sögunnar, og standa fyrirvarar vegna mögulegrar aukinnar verndar kálfanna í bakgrunni.

Í stjórnarsáttmálanum stendur, eins og þú veizt: „Dýralíf á Íslandi er hluti af íslenskri náttúru sem bera að vernda. Náttúran er auk þess stærsta aðdráttarafi Íslands fyrir ferðamenn. Endurskoða þarf löggjöf um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum“:

Ljóst er, að þessi endurskoðun hlýtur að ganga út á aukna vernd og velferð dýranna, ekki auknar veiðar og dráp.

Brýtur þessi fyrsta ákvörðun og fréttatilkynning þín því í bága við og varpar skugga á stjórnarsáttmálann.

Þetta þarf því að leiðrétta fljótt og vel. Vil ég gjarnan leggja mitt af mörkum til að setja þig inn í málið, en það er ekki rétt, að skoðun á velferð kálfa, sem mæðurnar eru drepnar frá, þegar að þeir eru aðeins 8 vikna gamlir, sé fyrst að koma upp nú. Mun ég setja þig betur inn í það.

Ég hefði tíma í byrjun fram í miðja næstu viku fyrir fund. Helzt fyrir hádegi. Láttu mig vita, hvort það gæti hentað þér. Aðrir tíma koma líka til greina fyrir mig.

Í millitíðinni vil ég benda á þær helztu spurningar, sem ég tel okkur standa frammi fyrir í þessu hreindýramáli.

1. Er yfir höfuð nokkur raunveruleg ástæða til að fella hreindýr? Þessi tignarlegur, friðsömu og skaðlausu dýr prýða auðvitað náttúru og lífríki landsins og auka fjölbreytni hennar.
2. Ef ástæða skyldi vera fyrir hendi, standast þessar veiðar þá lög?
3. Ef svo væri, hvaða siðferðislegur rammi á þá að gilda um veiðaranar; hvernig verður dýravernd og dýravelferð, sem samræmist þeirri siðmenningu og mannúð, sem

við viljum
kenna okkur við og er í samræmi við nýjan stjórnarsáttmála, tryggð?

Ég mun á morgun senda þér mín svör við þessum spurningum, og getum við svo vonandi rætt þetta þegar að við hittumst.

Takk og beztu kveðjur,

Ole Anton

Von: Guðmundur Ingi Guðbrandsson [<mailto:guðmundur.ingi@uar.is>]

Gesendet: sunnudagur, 28. janúar 2018 15:14

An: Ole Anton Bieltvedt <oab@jardarvinir.is>; Katrín Jakobsdóttir <katrin.jakobsdottir@for.is>

Cc: Jón Geir Pétursson <jon.g.petursson@uar.is>; Sigríður Auður Arnardóttir <sigridur.arnardottir@uar.is>; Sigurður Á. Þráinsson <sigurdur.thrainsson@uar.is>; Þórunn Elfa Sæmundsdóttir <thorunn.elfa.saemundsdottir@uar.is>; Orri Páll Jóhannsson <orri.pall.johannsson@uar.is>; Sif Konráðsdóttir <sif.konradsdottir@uar.is>

Betreff: SV: Dýra- náttúru- og umhverfisvernd á Íslandi: Nýr "hreindýrakvóti"

Sæll Ole Anton.

Ég vil mjög gjarnan hitta þig og ræða þessi mál og fræðast meira. Ég vil benda þér á að í fréttatilkynningunni sem fylgdi auglýsingunni geri ég ráð fyrir að kalla eftir gögnum um áhrif kúaveiða á kálfana og er sú vinna að fara í gang. Ég veit ekki til þess að kallað hafi verið eftir slíku áður.

En við finnum tíma sem fyrst til að funda.

Bkv. Guðmundur Ingi.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra / Minister for the Environment and Natural Resources

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið / Ministry for the Environment and Natural Resources

Skuggasund 1, 101 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 8600

www.umhverfisraduneyti.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður /
Please consider the environment before printing

Frá: Ole Anton Bieltvedt [<mailto:oab@jardarvinir.is>]

Sent: föstudagur, 26. janúar 2018 12:39

Til: Guðmundur Ingi Guðbrandsson <guðmundur.ingi@uar.is>; Þórunn Elfa Sæmundsdóttir <thorunn.elfa.saemundsdottir@uar.is>

Afrit: Katrín Jakobsdóttir <katrin.jakobsdottir@for.is>; 'Katrín Jakobsdóttir' <katrinja@althingi.is>; thorgerdurkg@althingi.is; 'Logi Einarsson' <logie@althingi.is>; 'Björn Leví Gunnarsson' <bjornlevi@althingi.is>; thorhildursunna@althingi.is; ingasaeland@althingi.is; 'Sigurður Ingi Jóhannsson' <sij@althingi.is>

Efni: Dýra- náttúru- og umhverfisvernd á Íslandi: Nýr "hreindýrkvóti"

Sæll, Guðmundur Ingi!

Síðustu 14 mánuði, eftir að ég flutti aftur heim eftir 27 ára dvöl erlendis, hef ég skrifað tæplega 20 greinar í blöðin um dýra-, náttúru- og umhverfisvernd. Ég hef líka komið fram í útvarpi og sjónvarpi vegna þessara mála. Ég stofnaði félagasamtökun Jarðarvini til frekari baráttu fyrir þessum málum, en þau hafa sent frá sér fréttatilkygningar og kært ráðamenn fyrir meint brot á lögu um dýravelferð og dýravernd.

Það er alls ekki sjálfslof, heldur einföld staðreynd, að með ofangreindum hætti var ég og er ég fyrsti talsmaður dýra og náttúru í þessu landi.

Ég átti gott samtal við Katrínu Jakobsdóttur um dýra- og náttúruvernd á síðasta sumri og hausti, og erum við í grundvallar atriðum skoðanasystkyn í þessum efnunum.

Eftir að hún varð forsætisráðherra lofaði hún mér, að þú myndir taka mér vel með þessi erindi og framlagningu þeirri hugmynda og staðreynda, sem við höfum byggt upp og sett saman í þessum efnunum.

Það veldur mér því nokkurri undrun, að þú skulir hafa hunzað öll mín tilmæli um fund og samtal um þessi málefni.

Þann 04.12.17 sendi ég þér póst í gegnum Þórunni Elfu, en ég hafði þá ekki netfangið þitt.

Þann 11.12.17 sendi ég þér annan póst, þar sem ég lagði einmitt áherzlu á samtal áður en ákvörðun um hreindýraveiðar yrði tekin.

Þann 27.12.17 sendi ég þér kópíu af pósti á Matvælastofnun með umfangsmikilli skoðun og lögfræðilegri úttekt á hreindýraveiðum.

Í staðinn fyrir að taka samtalið, hefur þú virt þetta allt að vettugi og nú gefið út veiðikvóta fyrir hreindýr, sem er sá stærsti í sögunni, og virðist eiga að byggjast á sama tímaramma og verið hefur. Ef UST nýtir heimild til að byrja tarfaveiðar 15. júlí, sem hún hefur gert, þýðir það, að byrjað verður að drepa tarfa í hópnum, þegar kálfar eru 6 vikna. Drápið á mjólkurfullum mæðrum þeirra má svo hefjast 1. ágúst, þegar að kálfarnir eru 8 vikna.

Hreindýrakálfar þurfa á móðurmjólk að halda í allt að 6 mánuði og á móðurumönnun og -vernd í eitt ár. Er hér því um óhæfu og siðleysi að ræða, og eru lög in um dýravelferð nr. 55/2013 margbrotin með þessum hætti.

Skv. lögum nr. 64/1994 eru hreindýr friðuð (gr. 6), eins og önnur villt dýr á Íslandi, og verður að túlka undanþáguheimildir þröngt. Það má aðeins drepa úr hreindýrastofninum, ef „æskilegt sé að veiða úr honum“. Hlýtur „æskilegt“ hér að skiljast sem auðsynlegt vegna skorts á beitolandi, sjúkdóms í stofni eða annars þess háttar. Er hvorugu fyrir að fara og því vafasamt að hreindýraveiðar standist lög yfir höfuð.

Ég sendi þér aftur í viðhengi skrif til MAST frá 27.12.17 með þeirri áskorun, að

1. Hreindýraveiðar verði stöðvaðar, alla vega meðan að fagmenn útkljá, hvort að þær standist lög
 2. Ef veiðarnar vera látanar fara fram, að gríðatíma kálfa verði lengdur í 4 mánuði; Að veiðar hefjist ekki fyrr en
1. nóvember.

Þú sagðir í viðtali á Hringbraut í gær, að þú værir dýravinur. Það mun nú koma í ljós, hvort svo sé, eða, hvort þetta eru orðin tóm.

Ég vona, að ég fái svar frá þér í einhverju formi í þetta sinn.

Við erum nú þegar búin að leggja það fyrir umboðsmann Alþingis að meta, hvort „hreindýrakvóti“ þinn fyrir 2018 standist lög. Við munum grípa til frekari aðgera gegn þessari ákvörðun, þegar og eftir því sem efni standa til. Þeir tímar kunna að koma, að þú sjáir, að samtalið sé betri leið en einhliða og einstrengingsleg ákvörðunartaka.

Með beztu kveðju,

Ole Anton

Sigurður Á. Þráinsson, deildarstjóri / head of division

Skrifstofa landgæða / Department of Land and Natural Heritage

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið / Ministry for the Environment and Natural Resources

Skuggasund 1, 101 Reykjavik, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 8600 • Fax: (+354)
562-4566
www.umhverfisraduneyti.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður /
Please consider the environment before printing